


# SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Háaleitisbraut 11, pósthólf 8100, 128 Reykjavík  
☎ (354) 581 3711, telefax (354) 568 7866



SAM 174/1997 PS/RH  
Reykjavík, 8. apríl 1997

**Viðbót við umsögn, dags. 28.02.1997,  
um frumvarp til laga  
um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum**

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 121/1473*  
*komudagur 9/4 1997*

Í framhaldi af fundi formanns og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga með umhverfisnefnd Alþingis í gær var öskað skriflegra svara frá sambandinu um álit þess á nokkrum atriðum sem rædd voru á fundinum.

Hvað varðar 7. gr. frumvarpsins, um heimild iögreglustjóra til að banna umferð og aðgang að tilteknum götum, vegum, skíðasvæðum og öðrum útivistarsvæðum, þá er lagt til að lögreglustjóri hafi samráð um slíkt bann við almannavarnanefnd eins og rýmingu húsnæðis sbr. fyrri málsgrein 7. greinar.

Lagt er til að bráðabirgðaákvæði frumvarpsins orðist þannig:

Sveitarstjórn leggur fram tillögu um skipulag nýrrar byggðar og nýbyggingar í sveitarfélögum, sem búa við snjóflóðahættu. Skipulagstillagan skal unnin í samræmi við reglur, sem umhverfisráðherra setur að fengnum tillögum Skipulags ríkisins, Veðurstofu Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skal styðjast við þær reglur þar til hættumat hefur verið staðfest fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag.

Virðingarfyllst,

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Umhverfisnefnd Alþingis  
b.t. hr. Ólafur Örn Haraldsson  
Alþingi  
150 Reykjavík